

KKA leggur hestamönnum lið 16. janúar 2006:

Hestamenn óskuðu eftir aðstoð KKA við að leita að einum 16 hestum sem strokið höfðu til fjalla. Þar á meðal var verðlaunahryssa Andreu Þorvaldsdóttur, sem hún hafði auglýst eftir í blöðum. KKA fór í leitina á Vaðlaheiði á laugardaginn síðasta. Bjart verður en all hvasst og skafrenningur á heiðinni. Ekki er mikill snjór á heiðinni en mest af því var harðfrosið hjarn og svellabunkar þar á milli. Hestarnir fundust fljótlega enda yfirferðin mikil á hjólamönnum. Verðlaunahryssan og nokkrir aðrir hestar voru reknir suður eftir heiðinni niður veginn og svo til baka að réttinni við Króksstaði. Þar var einn hestur beislaður og síðan reknir norður í Geldingsárréttina. Hinir hestarnir voru reknir ofar í heiðinni norður eftir og niður að túnfætinum við Eyrarland þar sem þeir hestamenn sögðust sækja þá síðar. Reksturinn gekk mjög vel og voru menn í KKA ánægðir að hafa veitt hestamönnum lið með þessum hætti, enda er samstarf og samvinna KKA og hestamanna gott.